



# Ræða eða grein, Samvinna Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks um ríkisstjórn 1958-1967.

Bjarni Benediktsson – Stjórnsmál – Ræður – Grein – Samvinna – Alþýðuflokkurinn –  
Sjálfstæðisflokkurinn – Ríkisstjórn – 1958 til 1967

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360

Ræður

Askja 4-6, Örk 3

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Alþýðuflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn hafa nú haft samvinnu í ríkisstjórn síðan haustið 1959 eða í 8 ár. Hefur þetta samstarf staðið lengur <sup>en nokkur önnur samvinna</sup> um stjórn landsins. Við upphaf þess mótuðu flokkarnir nýja stefnu í efnahagsmálum. Markmið hennar var að styðja að aukningu þjóðartekna og bættum lífskjörum með því að beina framleiðslu og viðskiptum inn á <sup>sem hagkvæmastar</sup> brautir, rétta við greiðslujöfnuð við önnur lönd og endurvekja lánstraust þjóðarinnar erlendis. Stefna sú, sem fylgt hefur <sup>verit, hefur,</sup> ásamt vaxandi sjávarafli og hagstæðu útflutningsverðlagi, orðið þess valdandi, að þjóðartekjur hafa á undanförunum árum vaxið mair <sup>a</sup> en á nokkru öðru sambærilegu skeiði, þannig að lífskjör þjóðarinnar hafa að undanförunu verið betri og batnað örar, en nokkru sinni fyrr. Þetta á sinn þátt í því, að þjóðin hefur í tvennum Alþingiskosningum, síðan stjórnarflokkarnir hófu samstarf sitt, vottað þeim traust. Alþingiskosningarnar á síðastliðnu sumri leiddu í ljós, að stjórnarflokkarnir hafa meiri hluta kjósenda að baki sér, og þeir hafa meiri hluta á Alþingi. Þeir telja það því vilja kjósenda, að þeir haldi samstarfi sínu áfram, og hafa ákveðið að gera það.

Verkefni þau, sem nú blasa við, eru hins vegar mjög ólík þeim, sem verið hefur við að etja á undanförunum árum. Verðfall á helztu útflutningsvörum, erfitt árferði víða um land og aflatregða hafa á síðustu misserum gerbreytt viðhorfum í íslenskum efnahagsmálum. Aðalviðfangsefnið um sinn hlýtur að verða að koma í veg fyrir, að þessir örðugleikar leiði til atvinnuleysis og varanlegrar kjaraskerðingar. Til þess, að það takizt, þarf að gera ráðstafanir til þess að ná jafnvægi í tekjum og gjöldum helztu atvinnugreina, ríkissjóðs og þjóðarbús í heild.

Fyrir rúmu ári <sup>gent - at verkefnum</sup> voru horfur í málefnum útflutningsatvinnuveganna orðnar svo alvarlegar, að augljóst var, að <sup>í hlutfunni og þeir atvinnu vegir minni</sup> gætu ekki risið undir aukningu framleiðslukostnaðar. Ákvað ríkisstjórnin þá að beita sér fyrir verðstöðvun, í trausti þess, að launþegar æsku þá ekki launahækkunar. Í þessu skyni varð ríkisstjórnin að stórauka niðurgreiðslur vöruverðs, auk þess sem aðstoð við sjávarútveginn var aukin. Var þetta kleift um

Verðfallið, sum  
höfnt

enda vonn þri tullað hofun  
á, að ventfallit gnt = ekkur  
vænulegt. Þess vegna hafa  
rættar orðið önnur og ef

sinn, án nýrrar tekjuöflunar, vegna mikils tekjuafgangs ríkissjóðs á undanförunum árum. Ef halda ætti öllum þeim niðurgreiðslum sem nú eiga sér stað, og hafa fé til þess að greiða óhjákvæmilegan kostnaðarauka ríkisbúsins vegna fólksfjölgunar og skuldbindinga, sem þegar hvíla á ríkinu, þyrfti á næsta ári að afla um 750 milljónkróna nýtra tekna til þess að ríkisbúskapurinn yrði hallalaus. Slika tekjuöflun telur ríkisstjórnin ekki framkvæmanlega. Þess hefur ákveðið, að fella 1. nóvember n.k. niður þær niðurgreiðslur á íslenskum landbúnaðarafurðum, sem hún hefur tekið upp síðan 1. ágúst í fyrra, er verðstöðvunarstefnan var mörkuð. Er hér um að ræða niðurgreiðslur að upphæð 410 milljón kr. á ársgrundvelli. Í dag hefur verð áfengis og tóbaks hækkað, og mun það auka tekjur ríkissjóðs á næsta ári um 75 millj. kr. Þá er óhjákvæmilegt að fallast á tillögu Tryggingarstofnunar ríkisins um hækkun iðgjalda þeirrar hækkunar var óskað á síðast liðnu ári, en um hana var þá synjað. Ef það yrði gert aftur nú, væri fjárhag stofnunarinnar stefnt í voða. Er hér um rúmlega 60 millj.kr. tekjuauka fyrir hana að ræða. Þá munu afnumdar undanþágur, sem í gildi hafa verið, varðandi greiðslu söluskatts af póst- og símagjöldum og afnotagjaldi af hljóðvarpi og sjónvarpi. Eykur það tekjur ríkisins um 45 millj.kr. Jafnhliða fjárlagafrumvarpinu mun ríkisstjórnin leggja fyrir Alþingi frumvarp um sérstaka tekjuöflun og aðrar nauðsynlegar ráðstafanir vegna efnahagsörðugleikanna. Að því er tekjuöflunina snertir, er um að ræða skatt á farmiða til útlanda, 3000 á hvern miða, sem gert er ráð fyrir, að færi ríkissjóði um 60 millj.kr. tekjur á ári, og hækkun eignaskatts, sem talinn er auka ríkistekjurnar um 65 millj.kr. Verður hækkunin með því móti, að fasteignamat í kaupstöðum og kauptúnum verður 12-faldað við álagningu eignaskatts, í stað þess, að það er nú 6-faldað, en 6-faldað í sveitum, þar sem það er ekki margfaldað nú. Jafnframt verður lágmark skattskyldra netto-eigna tvöfaldað til þess að hækkun fasteignamatsins komi ekki niður á fólki, sem er tiltölulega eignalítið. Auk þessa munu verða gerðar ýmsar ráðstafanir til sparnaðar í opinberum rekstri. Með þessu móti á ríkisbúskapurinn að geta orðið hallalaus á næsta ári, en það er frumskilyrði þess, að hægt sé að ráða við þessa efnahagsörðugleika, sem nú steðja að.

því at  
ella

60 milljón krónur

Þessar ráðstafanir og þá auðvitað fyrst og fremst niðurfelling þeirra niðurgreiðslna, sem upp hafa verið teknar, síðan verðstöðvunin komst á, hljóta að auka framfærslukostnað. Kauplagsnefnd og Hagstofan hafa reiknað út tvær vísitölur um breytingar á framfærslukostnaði. Samkvæmt gildandi lögum breytist kaupgjald í samræmi við breytingar á eldri vísitölunni. Það verður hins vegar ekki véfengt, að nýrri vísitalan er réttari mælikvarði á breytingu raunverulegs framfærslukostnaðar, <sup>ei m. kunn</sup> ekki hvað sízt vegna þess, að þar er réttara tillit tekið til raunverulegrar neyzlu íslenskra landbúnaðarafurða. Nýrri vísitalan er talin munu hækka um 4-5% í kjölfar þeirra ráðstafana, sem nú hefur verið lýst. Á hinn bóginn er fullvíst, að atvinnuvegir landsmanna <sup>hins og sin hönd</sup> munu ekki geta greitt hækkað kaup, <sup>á næstunni</sup>. Er því nauðsynlegt að koma í veg fyrir, að þessi hækkun framfærslukostnaðar valdi tilsvarendi kauphækkun. Eru þess vegna ákvæði um það í frumvarpinu, að kaup skuli ekki hækka vegna þessara ráðstafana. Að frátöldum þeim óhjákvæmilegu verðhækkunum, sem ég hef nefnt, mun ríkisstjórnin áfram framfylgja verðstöðvunarstefnu, og er gert ráð fyrir, að ákvæði núgildandi verðstöðvunarlaga séu framlengd með því frumvarpi, sem áður er getið um. Jafnframt er ætlunin, að hin nýja vísitala taki gildi 1. des. n.k. og miðist kaupgjald framvegis við hana á sama hátt og verið hefur samkvæmt hinni eldri vísitölu.

Á undanförunum áratugum hefur ávallt þurft að framkvæma öðru hvoru aðgerðir af því tagi, sem nú eru ráðgerðar. Slíkt er auðvitað óæskilegt. Til þess að eyða nauðsyn því líkra skyndiaðgerða með vissu millibili, þarf að gera atvinnuvegi þjóðarinnar fjölbreyttari og síður sveiflum háða, jafnframt því, sem markvíst verði að því unnið, að auka framleiðni á öllum <sup>opnum</sup> sviðum atvinnulífsins sem og í allri opinberri starfrækslu. Eru stjórnarflokkarnir sammála um, að hér sé um að ræða eitt mikilvægasta verkefni næstu ára, og mun ríkisstjórnin leggja sérstaka áherzlu á, að árangur náist <sup>á þessu sviði</sup> : <sup>þessum</sup> <sup>á</sup>

Í þessu skyni mun ríkisstjórnin marka <sup>á</sup> (ákvæða) stefnu í málafnum atvinnuveganna, og miði hún að því að nýta framleiðslugetu þeirra sem best og beina nýrri fjárfestingu inn á sem hagkvæmastar brautir. Í sjávarútvegi verði lögð sérstök áherzla á endurnýjun þorskveiðiflotans og þá endurskipulagningu fiskvinnslunnar, sem nú þegar er hafin, með það fyrir augum að <sup>þessum</sup> <sup>á</sup> tryggja rekstur hæfilegs fjölda hagkvæmra rekstrareininga.

enla verið,  
þessa bætta  
þetta : rekstri  
og þess festingum

## II Samkvæmleystill - um landbúnaði

Í landbúnaði verði stefnt að því að auka framleiðni og fjölbreytni framleiðslunnar, þannig að hann verði í framtíðinni fær um að fullnægja margbreytilegum þörfum markaðsins innanlands og flytja út vörur án uppbóta úr ríkissjóði.

Sambærni hefur - þ. h. !  
þessi inn.

Í landbúnaði verði stefnt að því, að framleiðslan miðist við innanlandsþarfir í meðalári og útflutning þeirra afurða, sem ekki er þörf á að greiða útflutningsbæturá, jafnframt því, sem gerðar séu ráðstafanir til að draga úr kostnaði við framkvæmdir og rekstur.

Í iðnaði verði haldið áfram að styrkja viðleitni fyrirtækja til að laga sig að þeim breyttu aðstæðum, sem frjáls útflutningur og lækkaði tollur ~~þess~~ skapa. Sérstaklega verði stefnt að eflingu þeirra iðngreina, sem beztur starfsgrundvöllur er fyrir hér á landi og stuðlað að ~~vilkomu~~ stofnun

<sup>fléttu</sup> nýrra iðngreina af því tagi. Í viðskiptum verði lögð áhersla á, að efla nýja verzlunarhætti, er lækki dreifingarkostnað, jafnframt því sem sett verði löggjöf um eftirlit með einokunarverðmyndun og samtökum um verðlagningu. Að því er snertir ~~þess~~ opinberan rekstur og framkvæmdir, mun ríkisstjórnin leggja ~~sérstaka~~ áherslu á, að ~~á þeim vettvangi~~ <sup>þess</sup> séu gerðar hliðstæðar ráðstafanir til lækkunar tilkostnaðar og ~~stlunin~~ <sup>er að</sup> gera í atvinnurekstri. Mun fjárlaga- og hagsýslustofnunin hafa forystu um að beita sér fyrir þessu í samvinnu við einstök ráðuneytið, stofnanir og sveitarfélög.

Jafnframt því sem unnið verði að framleiðniaukningu í hefðbundnum atvinnuvegum þjóðarinnar, telur ríkisstjórnin, að leggja ~~beri~~ <sup>heldu þess</sup> áherslu á framhald stóriðjuframkvæmda, ~~svo~~ <sup>þess</sup> svo að öll gæði landsins verði nýtt. Í því skyni telur ríkisstjórnin að leita beri samvinnu við erlenda aðila eftir því sem þörf er á, jafnframt því sem úrslitayfiráð Íslendinga séu tryggð á sama veg og gert var um þær framkvæmdir, sem þegar hefur verið ráðizt í.

Markaðsaðstöðu erlendis þarf að bæta, m.a. með ~~þess~~ <sup>þess</sup> fullnaðarkönnun <sup>þess</sup> möguleikum á aðild að Fríverzlunarbandalagiinu, jafnframt því, sem leitað verði viðhlýtandi samninga við Efnahagsbandalagið, enda sé það ljóst frá upphafi, að full aðild kemur þar ekki til greina.

Með þessum og öðrum ráðum ~~þess~~ <sup>þess</sup> telur ríkisstjórnin að stuðla ~~þess~~ <sup>þess</sup> beri að því, að þjóðartekjur geti sem skjótast ~~þess~~ <sup>þess</sup> aukist á ný, og mun þess eftir föngum gætt, að jafnframt því, sem atvinnurekstur búi við skilyrði, er veiti möguleika til áframhaldandi vaxtar, fái almenningur svo mikinn hluta aukins arðs, sem unnt er.

Um þessar og aðrar efnahagsráðstafanir til tryggingar

þess - afl og  
jafnframt  
á samt öðrum  
lundagötum

vert: þ

Stettur-  
félög

kjörum almennings og atvinnurekstri ~~in~~ hyggst ríkisstjórnin hafa samráð við <sup>almennu</sup> ~~þetta~~ atvinnusamtök, svo sem <sup>þessum</sup> ~~verkalyðssamtökin~~ og félög atvinnurekenda. <sup>stettur félög</sup>

[Þetta er meginatriði þeirrar stefnu, sem stjórnarflokkarnir hafa orðið ásáttir um að beita sér nú fyrir. Hér á eftir mun ég geta nokkurra atriða til viðbótar, sem samkomulag hefur orðið um.] <sup>þetta hefur verið á milli almennu atvinnusamtökum og stettur félögum</sup>

Haldið verði áfram að starfa að áætlunargerð eftir því, sem reynsla hefur leitt í ljós, að við eigi hér á landi. Sérstök áherzla sé á næstu árum lögð á áætlunargerð til eins árs í senn til stuðnings við mörkun stefnu í efnahags- og fjármálum á hverjum tíma, jafnframt því sem unnið sé að áætlunum til langs tíma um einstakar greinar opinberra framkvæmda og opinbers reksturs. <sup>þetta hefur verið á milli almennu atvinnusamtökum og stettur félögum</sup> Jafnframt sé haldið áfram að vinna að áætlunum um þróun einstakra byggðarlaga, og reynt eftir föngum, að <sup>þetta hefur verið á milli almennu atvinnusamtökum og stettur félögum</sup> ~~notfarna~~ sér áætlunargerð um þróun atvinnugreina til langs tíma í sambandi við mörkun stefnu í málefnum þeirra.

Almannatryggingar verði endurbættar í samræmi við fengna reynslu hér og annars staðar og leitast við, að íslenskt tryggingarkerfi haldist í fremstu röð, [og þjóni á sem hagkvæmastan hátt því félagslega hlutverki, sem því er ætlað.] Kappsamlega verði haldið áfram undirbúningi almenns lífeyrissjóðs fyrir alla landsmenn.

Í húsnæðimálum verði öll aðstöð af hálfu ríkisins samræmd, svo að sem flestir möguleikar skapist fyrir nægilegum byggingum, með sem minnstum tilkostnaði, enda verði jafnframt því, sem opinber stuðningur við byggingar haldist, stuðlað að eðlilegri samkeppni í byggingum. Gerð verði áætlun til nokkurra ára, hliðstæð þeirri, sem nú er hafin framkvæmd á í Reykjavík, um fjöldaframleiðslu íbúða fyrir efnalítið fólk í kaupstöðum landsins. Verðtryggingu húsnæðislána verði samræmd, reglum um viðtæka verðtryggingu fjárskuldbindinga, er komið verði á.

Stefnt verði að því, að bæta enn menntunarskilyrði æskunnar í því skyni, að hún öðlist þá þekkingu og tækni, sem allar framfarir byggjast nú á í vaxandi mæli. Í þessu skyni verði lögð áherzla á áframhaldandi undirbúning og framkvæmd áætlana <sup>á sviði</sup> ~~á sviði~~ menntamála. Stefnt verði að því, að vaxandi hlutfallstala hvers árgangs stundi framhaldsmám.

Gerð verði áætlun um <sup>vananlega</sup> stórfelldar vegabætur og leitað erlendis lánsfjár til þeirra framkvæmda, enda verði umferðagjald lagt ~~xx~~ á notkun <sup>vananlega</sup> minna bættu vega <sup>í breiðum og þurrum</sup> <sup>á lánsum</sup> <sup>er</sup> <sup>mei</sup>

*þess.*

*setja þess  
sett, út eðli  
valdi í atvagn  
þessum á  
þessum ávörðun  
reðstori, sem  
þessum er*

Fjármálakerfi ríkisins verði endurskoðað. Gerð verði áætlun um lækkun innflutningstolla. Haldið verði áfram athugun á hagkvæmni þess, að tekið verði upp staðgreiðslukerfi við skattgreiðslu, jafnframt því sem leitast verði við að gera skattheimtu ríkisins einfaldari en nú er.

Sett verði ný löggjöf um Stjórnarráðið og hina æðstu umboðsstjórn. Teknar verði upp viðræður milli stjórnsmálaflokkanna um þá breytingu á stjórnarskránni, að Alþingi verði einmálstofa. Endursamykkt verði á þessu þingi frumvarp um lækkun kosningaaldurs í 20 ár.

Efnt verði til sérfræðilegrar könnunar af Íslands hálfu á því, hvernig vörnum landsins verði til frambúðar bezt háttað.

Unnið verði að friðum fiskimiða umhverfis landið og viðurkenningu á rétti Íslands yfir öllu landgrunninu.